

## 5. fundur haldinn mánudaginn 8. september á Ráðhúsloftinu í Stykkishólmi og hófst hann kl. 13:00

### Mættir:

Hjördís Pálsdóttir – safnstjóri

Berglind Axelsdóttir - Stykkishólmi

Kristín Björg Árnadóttir - Snæfellsbæ

Guðlaug Sigurðardóttir - Helgafellssveit

Laufey Bjarnadóttir – Eyja- og Miklaholtshreppi boðaði forföll

Þórður Magnússon – Grundarfirði – boðaði forföll

### Dagskrá fundarins:

1. Sumarstarfið og aðsókn að safninu. Aðsóknin á safnið var eftirfarandi júní: 1072, júlí: 1743, ágúst: 1306 Samtals: 4121, tölurnar eru mjög svipaðar og í fyrra en þá voru það 4074 sem heimsóttu Norska húsið yfir sumarið. Þórunn Lilja vann á safninu í allt sumar og byrjun sumars var Arnór líka – hann fór út á Eldfjallasafn og var áfram aðra hvora helgi. Kristín spurði um safnapassann og velti því upp hvort ekki væri komið að því að við myndum vinna að safnapassa fyrir söfn á Snæfellsnesi.
  2. Opnunartími næsta sumar  
Hjördís kom með þá hugmynd að hægt væri að auka opnunartíma næsta sumar með því að hafa mismunandi vaktir hjá starfsfólkinu. Hægt yrði jafnvel að opna kl 10 á morgnana. Eins nefndi hún að gott væri að geta opnað fyrr í maí og hafa opið fram í september.
  3. Norðurljósín/Jólin  
Berglind minnti Hjördísi á að sækja um til Stykkishólmsbæjar vegna Norðuljósahátíðar og vegna jólaopnunar. Hjördís sagði eftir þór að líklega þyrfti ekki að sækja um auka fjármagn þar sem einungis ein sýning hefði verið í sumar. Því ætti að vera til nægt fjármagn til þess að nýta í þessi verkefni.  
Kristín sagði okkur frá verkefni sem er í gangi í Ólafsvík á aðventu. Pakkhúsið sækir um styrk til t.d. Landsbankans eða annarra fyrirtækja til að veita til t.d. Lionsklúbba, Björgunarsveita eða annarra sem í staðinn útvegar jólasveina sem koma í Pakkhúsið, einn á hverjum degi þrettán dögum fyrir jól. Hjördísi leist vel á hugmyndina.
1. Skráningarmál  
Starfsmenn safnsins hafa ekkert komist í skráningu í sumar. Brýnt er að leysa þau mál með ráðningu á öðrum starfsmanni og leysa þá í leiðinni samstarf annarra safna á Snæfellsnesi hvað skráningu varðar.  
Rætt um mikilvægi þess að þegar gefið er til Byggðasafns Snæfellinga, að viðkomandi gefendur geri sér grein fyrir því að hluturinn verði þá sameign, og muni ekki endilega vera staðsettur þar sem hann afhenti hlutinn.

## 2. Önnur mál

Rætt um mikilvægi þess að fá á hreint hvernig er í pottinn búið með upphaflega samningin milli sveitarfélaganna, varðandi að fá fagraðgjöf frá safnstjóra fyrir önnur söfn á Snæfellsnesi.

**Fleira ekki gert og fundi slitið 14:00**

*Berglind Axelsdóttir*